

# Hljóðlát innlegg í baráttuna

Myndlist ★★★★★

**Með viljann að vopni – sýning á verkum 27 íslenskra myndlistarkvenna**

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir

**Sýningarstjóri:** Hrafnhildur Schram

Listfræðingurinn og sýningarstjóri Hrafnhildur Schram hefur verið umsvifamikil á sýningarstjórsviðinu undanfarin ár. Sýning hennar Huldukonur í Þjóðminjasafninu árið 2005 og samnefnd bók vöktu verðskuldaða athygli. Þar

dró Hrafnhildur upp mynd af upphafi íslenskra kvenna í myndlist, af menntun þeirra, aðstæðum og auðvitað list þeirra. Nú er það áratugurinn 1970-80 sem er viðfangsefnið, áratugur sem markar annað upphaf kvenna í íslenskrri myndlist.

Á þessum tíma náði áratuga gömul kvennabarátta nýjum hæðum. Mikil vitundarvakning átti sér stað og konur einhentu sér í að endurskilgreina heiminn út frá eigin sjónarhóli. Viðfangsefni eins og líkaminn, heimilið, náttúran og samfélagið voru áleitin og það var brýnt að koma kvenlegum sjónarmiðum á framfæri. Þetta endurspeglast á sýningunni í

fjölda mynda af konum og daglegu umhverfi þeirra, heimilinu, baráttunni, bæði stétta- og kvennabarátta og viðhorfi til náttúrunnar.

Sýningin er lágstemmd fyrir augað, sjónrænir miðlar hafa tekið miklum stakkaskiptum síðan þetta var. Hér eru allmörg veggteppi, grafík, málverk, örfáar ljósmyndir og plaköt. Engar kvikmyndir, eru kannski ekki til? Skúlptúrin er ekki með sem vekur upp spurningar. Hrafnhildur segir í viðtali að höggmyndir ættu skilið sérsýningu, sem er án efa rétt. Sýningin verður þó dálítið flatari fyrir vikið. Rúrí stendur upp úr hvað þetta varðar, tillaga hennar að nýjum þjóðbúningi er klassísk að ég tali nú ekki um eyðileggingu gyllta Bensins með öxi. Ljósmyndir af Bens-gjörningnum eru eina verkið sem er utan við salinn og það er miður því það hefði hleypt meira fútti í stemninguna inni í salnum að hafa það inni. Endurgerð á þessum gjörningi er við hæfi á minnst þriggja ára fresti í íslensku samfélagi.

Talandi um fútt þá bjóst ég við meiru af slíku en það var kannski bara ekki til staðar. Íslenskar listakonur frömdu ekki gjörninga á borð við verk t.d. Marinu Abramovich



sem sat nakin í listasal á Ítalíu árið 1974 með 72 hluti í kringum sig þar á meðal hnifa og byssu og bauð áhorfendum að gera það við líkama hennar sem þeir vildu.

Hér er nálgunin af allt öðrum toga. Það sem situr í manni eftir að skoða er staða listarinnar í samfélaginu á þessum tíma. Það var sjálf-sagt að vefa skoðun sína í veggteppi og líta á það sem öflugt innlegg í baráttuna. En í dag? Já það er einmitt sú spurning sem vaknar. Um

leið og sýningin birtir mikilvægi þess að skoða listasöguna okkar sem fæstir þekkja, vekur hún ekki síst spurningar um stöðu kvenna og listarkvenna í samtímanum.

Ragna Sigurðardóttir

**Niðurstaða:** Sýning sem kveikir margar tímabærar spurningar um stöðu kvenna, kjörinn vettvangur til umræðu. Trú listarkvennanna á kraft listarinnar sem öflugt tæki í samfélagsbaráttunni stendur upp úr.

## METSÖLULISTI EYMUSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUSSON UM LAND ALLT

08.09.10 - 14.09.10



**1** Borða, biðja, elska - kilja Elizabeth Gilbert




**2** Vitavörðurinn - kilja Camilla Läckberg



**3** Barnið í ferðatöskunni - kilja Lene Kaaberbol/Agnete Frills



**4** Eyjafjallajökull - Ari Trausti og Ragnar Th.



**5** Ranghugmyndin um guð - Richard Dawkins




**6** 365 hugmyndir til að teikna og mála




**7** Spói - Ólafur Jóhann Sigurðsson/Jón Baldur Hlíðberg



**8** Ástandsbarði - kilja Camilla Läckberg



**9** Þegar kóngur kom - kilja Helgi Ingólfsson



**10** Íslandsklukkan - kilja Halldór Laxness

**Frumssýning laugard. 9. október kl. 20 - UPPSELT**  
**Fimmtud. 14. október kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS**  
**Föstud. 29. október kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS**  
**Sunnud. 31. október kl. 20**  
**Laugard. 6. nóvember kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS**  
**Sunnud. 7. nóvember kl. 20**



GIUSEPPE VERDI

# RIGOLETTO

ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON

ÞÓRA EINARSDÓTTIR · JÓHANN FRÍÐGEIR VALDIMARSSON

JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON · SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR

BERGÞÓR PÁLSSON · KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

LÝSING: PÁLL RAGNARSSON · BÚNINGAR: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR

LEIKMYND: ÞÓRUNN SIGRÍÐUR ÞORGRÍMSDÓTTIR

HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON · LEIKSTJÓRI: STEFÁN BALDURSSON

Eymundsson.is

**Eymundsson**  
Bóksali frá 1872

WWW.OPERA.IS

SÍMI MIÐASÖLU 511 4200

ÍSLENSKA ÓPERAN

